

26. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)

Haldinn þriðjudaginn 10. mars kl. 15:30.

Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Skúlagötu 4

Viðstaddir:

Stjórnarmenn: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, formaður, Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra (mættur kl. 16:15) Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, Bogi Nils Bogason, Ingibjörg Ólafsdóttir og Þórir Garðarsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar.

Kristján Þór Magnússon frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað. Orri Páll Jóhannsson, aðstoðarmaður umhverfis- og auðlindaráðherra, sat fundinn í hans stað.

Aðrir: Ásta Sigrún Magnúsdóttir frá ANR, Bergþóra Halldórsdóttir frá Íslandsstofu, Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF (áheyrnarfulltrúi), Hildur Sverrisdóttir, aðstoðarmaður ferðamálaráðherra, Orri Páll Jóhannsson, aðstoðarmaður umhverfis- og auðlindaráðherra, Ólafur Teitur Guðnason, aðstoðarmaður ferðamálaráðherra, Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri SF, Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri (áheyrnarfulltrúi), Svanhildur Hólm Valsdóttir, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, og Sigrún Brynja Einarsdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar (*til samþykktar*).

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram til samþykktar og verður birt á vefsíðu ANR.

2. Mótvægisáðgerðir vegna áhrifa COVID-19 veirunnar á ferðaþjónustu.

Farið yfir mögulegar sviðsmyndir í komum ferðamanna til Íslands vegna áhrifa COVID-19 veirunnar. Rætt um uppbyggingu, skipulag og stjórn markaðsherferðar sem stjórnvöld munu ráðast í í samvinnu við Íslandsstofu um leið og færi gefst til að hefja aðgerðir til að hvetja ferðamenn til að heimsækja Ísland á nýjan leik. Rætt um mikilvægi þess að hafa hliðsjón af stefnumótun stjórnvalda og Íslandsstofu í vinnunni. Einnig rætt um almennar og mögulegar sértækar aðgerðir gagnvart ferðaþjónustu.

3. Önnur mál.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 16:45.